# Spunahjól lifandi hefða

Þetta verkfæri var þróað sem hluti af verkefninu „LIVIND – Creative and living cultural heritage as a resource for the Northern Dimension region“.

Prentið á þykkan pappír, klippið við punktalínuna og setjið splittpinna í miðjuna.




### *Leiðbeiningar*

1. Þið getið notað hjólið ein eða unnið með öðrum.
2. Veldu lifandi hefð sem er þér mikilvæg (t.d. hátíð, handverk, matarhefð, leik, náttúrutengda athöfn).
3. Skoðaðu mismunandi fyrirsagnir á brún spunahjólsins og veldu eina eða fleiri.
4. Íhugaðu spurningarnar undir fyrirsögninni og hvernig þær tengjast þeirri lifandi hefð sem þú valdir. Ræddu möguleg svör við félaga þinn eða skrifaðu þau niður.

Þú getur líka bætt við þínum eigin spurningum og leitað svara við þeim!

Museovirasto
Finnish Heritage Agency

Association of Cultural Heritage Education in Finland

LIVIND – Creative and Living Cultural Heritage as a Resource for the Northern Dimension Region

TEK MUS – Tækniminjasafn Austurlands

https://lifandihefdir.is • https://tekmus.is
https://www.aineetonkulttuuriperinto.fi/en/ • https://wiki.aineetonkulttuuriperinto.fi/
https://kulttuurinvuosikello.fi/ • leena.marsio@museovirasto.fi

## *Með Spunahjóli lifandi hefða getur þú kannað fjölbreyttar hliðar óáþreifanlegs menningararfs!*

**Þú getur bæði** stuðlað að afslöppuðum umræðum og fengið nemendur á mismunandi aldri til að hugsa um menningararf. Markmið hjólsins er að styðja við þátttöku barna og ungmenna og gera þeim kleift að nálgast menningararf á fjölbreyttan hátt.

**Spurningar spunahjólsins** leiða þig að skurðpunkti lifandi menningararfleifðar og sjálfbærrar þróunar. Lifandi hefðir eru hluti af lífi fólks og geta talist óáþreifanlegur menningararfur. Þetta getur m.a. verið hátíðir, handverk, dans og tónlist, sagnamennska og hefðir sem tengjast mat og náttúru. Óáþreifanlegur menningararfur snertir tilveru okkar allra, bæði í hversdeginum og við hátíðleg tækifæri, í vinnu og áhugamálum.

### LÆRDÓMUR (L1, L2, L3, L5)

1. Hvernig kynntist þú þessari hefð? Hver kenndi þér hana?
2. Hvernig hefur þekking um þessa hefð komið þér að notum?
3. Hefurðu kennt einhverjum þessa hefð? Hvernig?
4. Hefur tækniþróun haft áhrif á þessa hefð? Hvernig?
5. Helduðu að þessi hefð muni lifa áfram í framtíðinni?



### SAMSKIPTI (L1, L21, L7)

1. Geturðu eignast nýja vini í gegnum þessa hefð?
2. Líður þér vel með þessa hefð? Af hverju? Af hverju ekki?
3. Geta allir tekið þátt í þessari hefð? (Hugsið um aldur, kyn, menningarlegan bakgrunn, fötlun). Af hverju, eða af hverju ekki? Ef ekki, er hægt að breyta hefðinni? Viltu að hún breytist?
4. Kunna aðrir að meta þessa hefð? Hvernig kemur hún þeim fyrir sjónir sem ekki hafa (enn) verið hluti af henni?



### MENNING (L2, L4, L7)

1. Hver taka þátt í þessari hefð? Af hverju gera þau það?
2. Hvernig er þessi hefð kennd öðrum (t.d. skriflega, munnlega, með því að horfa á myndir, með gjörðum)?
3. Hvað, ef eitthvað, myndi glatast ef þessi hefð tapaðist? Eru til dæmis sérstök orð eða hlutir sem henni tengjast sem gætu glatast?
4. Hvernig hefur þessi hefð breyst í tímans rás eða getur hún breyst með tímanum?



### EFNAHAGUR (L3, L6)

1. Kostar eitthvað að stunda þess hefð?
2. Er hægt að nota þessa hefð til að hagnast fjárhagslega? Hvernig?
3. Er þessi hefð kynnt sem vara eða þjónusta? Hvar og hvernig?
4. Hefur einhver atvinnu í tengslum við þessa hefð?
5. Getur markaðsvæðing þessarar hefðar eyðilagt hana, ef of mikil áhersla er lögð á fjárhagslegan hagnað? Hvernig?



### UMHVERFI (L2, L7)

1. Tengist náttúran þessari hefð? Hvernig?
2. Hvaða efni og náttúruauðlindir tengjast þessari hefð? Hvaðan kemur slíkt hráefni eða úr hverju er það gert?
3. Hvaða áhrif hefur iðkun hefðarinnar á náttúruna?
4. Er hægt að gera iðkun hefðarinnar umhverfisvænni? Hvernig?
5. Er hægt að nota þessa hefð til að læra meira um náttúruna? Hvernig?



Þýðing: **Tækniminjasafn Austurland**